

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl. (ökutækjaleigur, tækifærisleyfi og rekstrarleyfi), 755. mál.

MATVÍS fagnar þeim breytingum frumvarpsins sem snúa að því að lækka gjald vegna rekstrarleyfa veitinga- og gististaða sem heimilt er að selja áfengi og telur það þýðingarmikið skref til að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum úr atvinnugreininni. Ennfremur er breytingin þýðingarmikil í núverandi efnahagsástandi þar sem umsvif í veitingarekstri hafa dregist verulega saman vegna áhrifa heimsfaraldurs covid19 auk þess sem hún styður við viðspyrnu rekstraraðila á komandi mánuðum.

Gjald fyrir rekstrarleyfi veitingastaða tekur mið af flokkun veitingastaða samkvæmt 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Þar eru veitingastaðir flokkaðir í umfangsmikla og umfangslitla áfengisveitingastaði og taka skilgreiningar einungis mið af þáttum sem snúa að hávaða, ónæði og þörf á löggæslu/eftirliti. MATVÍS vill koma því á framfæri að skynsamlegra sé að ákvæðið taki einnig mið af veltu veitingastaða við ákvörðun gjalds fyrir rekstrarleyfi.

Að teknu tilliti til þess sem að framan segir styður Matvís að frumvarpið verði að lögum.

F.h. MATVÍS


Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur